

Nr. 111 / 13 Nonni NK 9**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6705
Smíðaður: Hafnarfjörður 1985, plast
Stærð: 3,77 brl. 4,11bt.
Mesta lengd: 7,91m Skráð lengd: 7,82 m
Breidd: 2,17 m Dýpt: 1,17 m
Vél: Vetus 46 kW, 1994
Fjöldi skipverja: 1



Nonni©Fiskifrétir

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. júlí 2013 var Nonni NK 9 á strandveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: Hægviðri

Þegar báturinn var staddur á Norðfjarðaflóa bilaði startari og kallaði skipstjóri eftir aðstoð á rás 16. Björgunarbáturinn Glæsir var sendur til að draga Nonna til hafnar í Neskaupsstað.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra reyndist startarinn nánast ónýtur en hann hafði verið settur við vélinu skömmu áður. Eldri startarinn hafi verið í mjög slæmu ástandi. Skipstjórinn taldi að orsök fyrir ástandi startaranna væri sú að austur sem kom í bátinn safnaðist fyrir aftast í kjalsoginu þegar báturinn reisti sig á keyrslu. Lensidælan var framarlega í kjalsoginu og áður en dælan jós austrinum fyrir borð virðist öxultengið ná til hans og ausa honum upp og yfir startarann þó gúmmíþjattla hafi verið sett til að varna þessu. Orsök þess að mikill austur vildi safnast í kjalsogið var viðvarandi leki úr skutpípu þó svo reynt væri að fylgjast með þéttingu og herða pakkið reglulega. Skipstjóri sagði að skömmu eftir þetta atvik hafi hann misst skruvúásinn aftur úr ástenginu þar sem kíll í tenginu hafði kjagast í sundur. Þegar ásinn var tekinn úr kom í ljós að hann var mikið slitinn og tærður. Skutlegan var líka mikið slitin;
- að skipstjóri sagði skutleguna vera sjókælda. (*Hefðbundinn frágangur á Vetus skruvubúnaði er kæling undir þrýstingi frá sjókælingu vélarinnar og*

er kælisjórinn tengdur inn á skutpípuna framan við fremri öxullegu til að kæla báðar legurnar og virka eins og smurning)

- að skipstjóri sagði jarðskautsplötu vera á botni bátsins og zinkskaut aftast á stefniröri en hann viti ekki til þess að „jarðvír“ sé á milli vélar og stefnirörs.

Nefndarálit:

Nefndin telur að rekja megi bilunina til raka.